

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, Hrífunes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, frá 26. mars 2003.

Eftirtaldar breytingar verða á landnotkun á jörðinni Hrífunesi:

- Aukin uppbygging á verslunar- og þjónustusvæði (V1), þ.e. veitingaþjónusta, bændagisting o.fl. Samtals um 19 ha.
- Nýtt 9 ha verslunar- og þjónustusvæði (V17) fyrir veitingahús.
- Nýtt 258 ha svæði fyrir frístundabyggð (F19) fyrir 75-80 bústaði.
- Nýtt um 25 ha opið svæði til sérstakra nota (Ú2) fyrir tjaldsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Djúpavogshöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar

Hafnarsvæði.

Takmörk á sjó: Djúpavogshöfn nær yfir Berufjörð utanverðan, innan línu sem hugsast dregin milli eftirtalinnna punkta: Æðarsteinn 64° 40,1 N og 14° 17,6 V, þaðan rv. norður í Strandarland milli Beruness og Þiljuvalla. Svartasker 64° 40,1 N og 14° 15,7 V og þaðan bein lína í Karlsstaðavita, 64° 41,3 N og 14° 13,7 V. Til suðausturs úr Svartaskeri í Langatanga 64° 39,95 N og 14° 15,5 V. Auk þess öll strandlengjan frá Æðarsteini að innan til Langatanga að utan.

Takmörk á landi eru: Gleðivíkurböfn; frá fremri vörðu, sem er beint vestur af grjótfyllingu norðan á athafnasvæði hafnarinnar, þaðan bein lína suðvestur í aftari vörðu. Þaðan bein lína í norðvesturhorn rafstöðvarhúss RARIK við Víkurland 15, þaðan bein lína í aftara leiðarmerki í Gleðivík innri, ofan við fiskimjölsverksmiðju. Þaðan bein lína 300 m til austurs. Þaðan bein lína til norðurs að fjörumörkum. Djúpavogshöfn; frá línu sem hugsast dregin í sjó fram beint í norður frá austurkanti götunnar Mörk, þar sem hún tengist við Víkurland. Þaðan sjávarmegin eftir götukanti gatnanna Mörk, Bakki og Vogaland, þaðan að beinni línu, sem skerst milli norðvesturhorns RARIK húss að Vogalandi 20 og Æðarsteinsvita. Lega að sjó á umræddu svæði, sbr. staflíði 1.2 og 1.3 miðast í öllum tilfellum við stórstraumsfjöru-
borð.